

Sveitarstjórnarfundur 17. ágúst 2022

Miðvikudaginn 17. ágúst 2022 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 3. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Franklín Steindór B. Ævarsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 3. fundar:

1. Fundargerð 2. sveitarstjórnarfundar 03.07.2022.
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrir fundir
4. Skólaárið 2022-2023 & rætt við skólustjóra
5. Beiðni um sumarhúsalóð í hreppnum
6. Umsókn um leiguíbúð í hreppnum
7. Eftirlitsskýrsla frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
8. Erindi Steinars Braga
9. Beiðni Íþróttasambands lögreglumanna
10. Beiðni Blindrafélagsins

Fundargerð:

1. Fundargerð 2. sveitarstjórnarfundar 03.07.2022.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi. Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

3. Aðrir fundir

- a. Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu, 14.06.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- b. 45. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, 27.04.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- c. 46. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, 01.06.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- d. Framhaldsársfundur Vestfjarðastofu, 28.04.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga, 910. fundur stjórnar, 20.05.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, 911. fundur stjórnar, 23.06.2022.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir

4. Skólaárið 2022-2023 & rætt við skólastjóra

Rætt var við Ástu Þórisdóttur sem hefur tekið við sem nýr skólastjóri Grunnskóla Drangsness. Farið var yfir skólaárið 2022-2023, nemendaskrá annarinnar og komandi verkefni.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps þakkar Guðnýju Rúnarsdóttur, fyrrum skólastjóra fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins og óskar henni alls velfarnaðar í framtíðinni.

5. Beiðni um sumarhúsalóð í hreppnum

Sveitarstjórn barst beiðni um sumarhúsalóð í hreppnum en óskað var eftir því að fá leigða lóð nr. 5 í landi Klúku undir sumarhús.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóð nr. 5 og felur þjónustufulltrúa að ganga frá lóðaleigusamningum.

Borið upp og samþykkt.

6. Umsókn um leiguíbúð í hreppnum

Hreppnum barst umsókn þar sem óskað var eftir leiguíbúð í hreppnum. Þjónustufulltrúa falið að útbúa leigusamning.

7. Eftirlitsskýrsla frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lagðar fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Eftirlitsskýrsla Gvendarlaugar hins góða greinir frá því að sýni úr pottinum sem staðsettur við hliðin á lauginni var tekið. Að auki var tekið sýni úr lauginni sem stenst gæðakröfur reglugerðar um baðstaði í náttúrunni nr. 460/2015 en laugin er tæmd alla þriðjudaga og þvegin með háþrýsti dælu.

Sýni sem tekið var úr Sundlauginni á Drangnesi stenst kröfur skv. sundlaugareglugerð nr. 810/2010. Klórblöndun er í góðu lagi og gestafjöldi hefur verið skráður. Merkingar eru allar til staðar en athuga þarf merki sem bannar dýfingar fyrir ofan dúkrúllu á húsi en það er óskýrt.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

8. Erindi Steinars Braga

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps barst erindi frá Steinari Braga þar sem hann fer yfir skort á öryggis- og þjónustumerkingum hér í hreppnum. Skortur er á hraðamerkingum á Drangnesi en hvorki er að finna merkingar við aðkomu inn í bæinn frá Þjóðvegi 645 né innan bæjarins. Einnig vantar merkingu á staðsetningu tjaldsvæði Drangnesar.

Að auki nefnir hann möguleikann á því að gefa sögu hreppsins merkari sess. Mörg hús við Aðalbraut hafa merka sögu og þýðingu í augum núverandi og fyrrverandi íbúa en meðal þeirra húsa eru til dæmis gamla bókasafnið, gamla kaupfélagið og gamla símsstöðin.

Það myndin gefa bænum ákveðinn blæ að mögulega setja upp ýmis skilti með myndum af lífi í þorpinu hér áður fyrr og gæti Drangnes orðið enn eftirsóknarverðri ferðamannastaður.

Erindi lagt fyrir.

Sveitarstjórn þakkar góðar ábendingar og tekur þær til skoðunar.

Vegagerðin endurnýjaði öll umferðarmerki nú í ágúst að öðru leiti vísunum við þessum góðu ábendingum til viðeigandi aðila.

Borið upp og samþykkt.

9. Beiðni Íþróttasambands lögreglumanna

Hreppnum barst fyrirspurn frá Íþróttasambandi lögreglumanna sem hefur staðið fyrir umferðarfræðslu fyrir yngstu nemendurnar í skólum landsins undanfarin ár undir yfirskriftinni „Í umferðinni“.

Kannaður er áhugi sveitarfélagsins fyrir því að styrkja verkefni þeirra með frjálsum framlagi eða kaupa merki sveitarfélagsins sem myndi prýða bæklinginn að upphæð kr. 30.000.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að samþykkja ekki beiðni sambandsins.

Borið upp og samþykkt.

10. Beiðni Blindrafélagsins

Hreppnum barst fyrirspurn frá Blindrafélaginu þar sem athugað er hvort áhugi væri fyrir því að kaupa styrktarlínu að upphæð kr. 5.000 eða kaupa merki sveitarfélagsins að upphæð kr. 18.000.

Með því væri hreppurinn að styrkja Blindrafélagið við útgáfu rits þeirra, Víðsjá sem

kemur út í lok ágúst. Víðsjá er gefin út í 12.000 eintökum og er dreift til félagsmanna, styrktarfélaga, bakhjarla og annarra sem stutt hafa félagið á síðastliðnum tveimur árum.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að samþykkja ekki beiðni Blindrafélagsins.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 21:51